

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	12.7.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581201-2650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávík komu fram í eftirlitinu (annars vegar skil á grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi og hins vegar að umhverfismarkmið liggja ekki fyrir) og þrjár nýjar ábendingar voru gerðar (varðandi hættu á að efni komist út í umhverfið, skil á TVN mælingum og aðgengi að öryggisblöðum). Farið var yfir möguleg viðbrögð við ábendingunum. Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram en farið var yfir þrjár ábendingar sem komu fram í eftirliti 2021.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Loðnuvinnslunni, Fáskrúðsfirði. Magnús Ásgrímsson var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Loðnuvinnslan er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 17.9.2014 og gildir það til 17.9.2030.

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi (Deiliskipulag hafnarsvæðis 5).

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil flokkun á fiski og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.“

### Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

### 1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Við eftirlitið var ekkert frávík opið en farið var yfir þrjár ábendingar (a-c) sem komu fram í eftirliti 2021.

a) „Rekstraraðili er minntur á að skila framvegis niðurstöðum mælinga á TVN og hitastigi hráefnis sem tekið er til vinnslu eins og gera á skv. gr. 3.2 í starfsleyfi.“

Gögnum hefur verið skilað, en áréttað er að senda skal „TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu“ en ekki TVN-gildi í lönduðum afla. Einnig þarf að tryggja að a.m.k. ein mæling sé gerð hvern dag sem vinnsla er í gangi.

b) „Rekstraraðila er bent á að við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Rekstraraðili þarf að tryggja að efni leki ekki í fráveitu ef óhapp á sér stað.“

Við skoðun var staðfest að lekabyttur hafa verið settar undir ílát með vífissóða, en önnur ílát standa á gólfi með niðurfalli. Ítrekað var að lekabyttur verði settar undir öll ílát þar sem hætta er á að óæskileg efni komist út í umhverfið.

c) „Hafa þarf öryggisblað fyrir formalín tiltækt í efnageymslu.“

Við skoðun var staðfest að öryggisblað fyrir formalín er tiltækt í efnageymslu, en rekstraraðila er bent á að tryggja greiðan aðgang að því (sem og öðrum öryggisblöðum).

### 2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

### 3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

#### 4. Önnur mál

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna 2021 var ekki skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) og er það frávik frá starfsleyfi. Gögnunum hefur nú verið skilað og telst frávikinu því lokið.

Rekstraraðila er bent á að leyfileg mörk á TVN skv. starfsleyfi, eru 100mg N/100g en ekki 120mg N/100g eins og gefið er í skyn í græna bókhaldinu.

Umhverfismarkmið liggja ekki fyrir og er það frávik frá starfsleyfi.

#### 5. Skoðunarferð

Farin var skoðunarferð um húsnæði og lóð Loðnuvinnslunnar.

Ekkert athugasvert sást, annað en það sem áður hefur komið fram í skýrslunni.

Frávik frá	Lýsing á frávik
ákvæði í gr. 3.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.
ákvæði í gr. 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015 og endurskoðuð á 4 ára fresti.



## ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- a) Við skoðun var staðfest að lekabyttur hafa verið settar undir ílát með vífissóða, en önnur ílát standa á gólfi með niðurfalli. Ítrekað var að lekabyttur verði settar undir öll ílát þar sem hættu er á að óæskileg efni komist út í umhverfið.
- b) Áréttað er að senda skal „TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu“ en ekki TVN-gildi í lönduðum afla. Einnig þarf að tryggja að a.m.k. ein mæling sé gerð hvern dag sem vinnsla er í gangi.
- c) Öryggisblöð eru tiltækt í efnageymslu, en rekstraraðila er bent á að tryggja greiðan aðgang að þeim.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.08.2022



Freyr A. Evarsson

